

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bessastaðahreppi.

*Breiðamýri og norðanvert Sviðholt.*

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 16. september 2003 breytingu á deiliskipulagi við Breiðumýri og á norðanverðu Sviðholti í Bessastaðahreppi.

Breytingin nær til raðhúsaloðanna 7-9-11-13 og 8-10-12-14 við Birkiholt. Í tillögunni er byggingarskilmálum lóðanna breytt þannig að í stað þess að húsin verði einnar hæðar með nýtanlegu risi undir hallandi þaki verði heimilað að byggja þar tveggja hæða raðhús með flötu þaki.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Bessastaðahreppi, 18. september 2003.*

**Gunnar Valur Gíslason** sveitarstjóri.